

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Vesturbyggð, steipt plata og lágmarksbyggingarmagn.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem tekur til byggingarskilmála innan íbúðarsvæðisins Vesturbyggðar á Borg. Í breytingunni felst að skilgreind er lágmarksstærð húsa á einbýlishúsalóðum auk þess sem gerð er krafa um steipta undirstöðu og gólfplötu innan hverfisins.

Samþykkt í sveitarstjórn 23. apríl 2025.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 2. júní 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Vigfús Þór Hróbjartsson.

B deild - Útgáfudagur: 18. júní 2025